

Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar

17. fundur landbúnaðarnefndar, haldinn þriðjudaginn 13. júní 2017 kl. 20. Fundurinn var haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mættir voru: Sverrir Möller formaður, Maríus Halldórsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Anna Halldórsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Sigurður Þór Guðmundsson fjallskilastjóri, Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Í ljósi þess að Sigríður Ósk Indriðadóttir boðaði forföll á fundinn og að tillögu formanns var Reimar Sigurjónsson samþykktur sem varamaður hennar. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá

1. Fjallskil

Sigurður lagði fram yfirlit að fjallskilum fyrir árið 2016 og áætlun fyrir árið 2017. Hann lagði til að fjallskilasjóður yrði gerður upp skv. yfirlitinu fyrir árið 2016. Skv. yfirliti fjallskilastjóra eru fjallskilagjöld samtals kr. 7.005.990, unnið fyrir kr. 6.944.000. Samtals fjöldi fjár á svæðinu eru 5431 miðað við ásett fé haustið (hausttölu) 2015. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um innheimtur og greiðslur skv. þessu yfirliti. Fjallskilaseðill fyrir 2016 er samþykktur.

Ævar og Reimar sitja hjá við afgreiðslu fjallskila 2016.

Gangnadagar 2017

Gangnaseðill lagður fram til kynningar.

-Norðan Brekknaheiðar, Brekknaheiði, Fellsheiði, 16. september.

-Vesturheiði, Austurheiði, Kverkártunga, 8.-10. september.

-Saurbæjarheiði, 10. september.

-Miðfjarðarheiði 21.-22. september.

-Þorvaldsstaðaháls og Urðir, 23. september.

-Staðarheiði og Bakkaheiði, 14. september.

Ákveðið að gangnaseðill yrði birtur í vikunni.

Rætt um þátttöku fjallskilasjóðs í kostnaði við trússbila við fjallskila, búnað gangnamanna o.fl. Sigurður Þór Guðmundsson vék af fundi kl. 20:55.

2. Framkvæmdir 2017

-Girðingarefni er til í nýtt hvíldaraðhald í Kverkártungur. Maríusi falið að hafa forgöngu um að það verði reist.

-Fyrir liggur fjárveiting fyrir tveimur kömrum á Miðfjarðarheiði og Vesturheiði, samþykkt af sveitarstjórn.

-Tillaga er um hvíldaraðhöld við Vesturheiði og tvö við Fagranes.

-Athugað verði með gasofna í kofa á Miðfjarðarheiði og Vesturheiðarkofa.

-Gangnaforingjum verði falið að kanna hjá landeigendum í Miðfirði og Miðfjarðarnesi með hvíldarhólf smalfjár næturlangt og hvort þörf sé frekar á að reist verði aðhöld á þessum svæðum.

-Formaður nefndarinnar komi með kostnaðaráætlun fyrir sveitarstjóra vegna ákveðinna framkvæmda.

Langanesbyggð

3. Framkvæmd grenjavinnslu

Formaður fór yfir ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag og greiðslur vegna grenjavinnslu í ár. Leitað verður á öllum svæðum í ár.

Ævar Rafn óskaði eftir sundurliðun á sundurliðun kostnaðar við refa- og minnkaveiðar 2016. Yfirlit tekið saman af skrifstofu lagt fram á fundinum til kynningar.

4. Önnur mál

-Ævar Rafn spurðist fyrir um og ræddi umsóknir um styrkvegafé.

Steinunn vék af fundi kl. 22:15.

-Formaður lagði til að nefndarmenn legðu til vinnuþlan um niðurrif girðinga. Rætt um möguleika á því að Veraldarvinir kæmu að verkefninu. Einnig var rætt stöðu landeigenda og sveitarfélagsins gagnvart girðinga- og náttúruverndarlögum.

Samþykkt um bókun: Nefndin samþykkir að leggja til að ónýtar girðingar verði fjarlægðar á kostnað landeigenda í sumar. Landeigendum verði sent bréf og frestur gefinn til 15. júlí nk. Samþykkt samhljóða.

-Samþykkt að leita til Veraldarvina með að bera fúavörn á Þorvaldsstaðarétt, Miðfjarðnesrétt og Miðfjarðarrétt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:35.